

Samkeppniseftirlitið
B.t. Páls Gunnar Pálssonar/Ólafs Freys Frímanssonar
Borgartúni 26
105 Reykjavík

UPPFÆRT ÞANN 1. JÚNÍ 2018

Reykjavík, 16. maí 2018

Efni: Ný tilkynning um samruna N1 hf. og Festi hf.

Hér með tilkynnist um samruna N1 hf. (hér N1) og Festi hf. (hér Festi) að nýju. Kaupsamningur um kaup N1 á Festi var undirritaður 3. október 2017. Byggði kaupsamningurinn á viljayfirlýsingu sem N1 og SF V slhf. skrifuðu undir þann 9. júní 2017 um helstu skilmála viðskiptanna.

Þessi tilkynning byggir á fyrri tilkynningu vegna kaupanna dags. 31. október 2017 og málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins vegna þeirrar tilkynningar. Er vísað sérstaklega til tilkynningar dags. 31. október 2017 þar sem tilkynnt var um samruna félaganna á grunni áður nefnds kaupsamnings.

Er einnig vísað til þeirrar rannsóknar Samkeppniseftirlitsins sem fram fór í kjölfarið þar með talið en ekki takmarkað við andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins dags. 24. febrúar 2018, sjónarmiða N1 um andmælaskjalið dags. 12. mars 2018, frumniðurstöðu Samkeppniseftirlitsins á frekari rannsókn samrunans sbr. bréf dags. 10. apríl, 12. apríl og 15. apríl 2018 ásamt þeim gögnum sem frumniðurstaðan hvílir á auk sáttatillögu sem send var Samkeppniseftirlitinu ásamt rökstuðning 9. apríl og svo síðari tillögu sem send var 12. apríl.

Fram kom í bréfi Samkeppniseftirlitsins dags. 15. apríl að Samkeppniseftirlitið teldi útilokað að leggja fullnægjandi mat á tillögur N1 að sátt sem lagðar voru fram 12. apríl innan þess tíma sem eftir var af lögmaeltum frestum málsins. Hafði Samkeppniseftirlitið áður komist að þeirri niðurstöðu að sáttatillögur sem lagðar voru fram 9. apríl hefðu ekki verið fullnægjandi. Væri álitamál hvort hinar nýju tillögur sem lagðar voru fram 12. apríl væru fullnægjandi.

Benti Samkeppniseftirlitið sérstaklega á að óljóst væri hvort sala á Dælunni myndi hafa áhrif sem gætu að fullu unnið gegn þeirri röskun sem stofnunin taldi leiða af kaupum N1 á Festi. Var enn fremur talin

óvissa um rekstrargrundvöll Dællunnar sem sjálfstæðs félags. Benti Samkeppniseftirlitið einnig á önnur álitaeftni um skilyrðin.

Með hliðsjón af framangreindu bréfi Samkeppniseftirlitsins dags. 15. apríl 2018 og síðari samskipta við Samkeppniseftirlitið tóku forsvarsmenn samrunaaðila ákvörðun um að afturkalla fyrri samrunatilkynningu og tilkynna að nýju um kaupsamninginn á grunni heildstæðra skilyrða sem að mati N1 eyða ætluðum skaðlegum áhrifum samrunans eins og þau hafa verið greind í frummati Samkeppniseftirlitsins.

Í ljósi þessa er hér tilkynnt um kaup N1 á Festi á breyttum grunni, þ.e. á grunni þeirra skilyrða sem N1 býður nú fram og eru hjálögð bréfi þessu. Eru skilyrðin útfærð með enn nákvæmari hætti en áður í samræmi við leiðbeiningareglur Evrópusambandsins og mat Samkeppniseftirlitsins á fyrri tillögum N1.

Tengiliðir samrunaaðila eru hinir sömu og áður. Þar sem Samkeppniseftirlitið hefur litið á ákveðin atriði sem varða stöðu Festi sem mögulegs keppinautar N1 sem trúnaðarmál gagnvart N1 mun Festi senda Samkeppniseftirlitinu sjálfstætt bréf þar sem fjallað verður nánar um atriði sem varða félagið og tengjast samrunanum. Eru sjónarmiðin til fyllingar því sem hér segir varðandi sáttatillögu N1.

Afstaða N1 til þeirra atriða sem fram hafa komið við meðferð málsins liggur fyrir óbreytt. Eru þau skilyrði sem fylgja með bréfi þessu á fylgiskjali 1 sett fram í því augnamiði að ná sátt við Samkeppniseftirlitið með því að eyða þeirri samkeppnisröskun sem Samkeppniseftirlitið ætlar að leiði af samruna félaganna.

Í andmælaskjali Samkeppniseftirlitsins var fjallað um eftirfarandi atriði sem stofnunin taldi að þyrfti að bregðast við:

1. Samruni við mögulegan keppinaut á eldsneytismarkaði
2. Skaðleg röskun á samkeppni á staðbundnum svæðum í sölu dagvara og eldsneytisvara
3. Skaðleg lóðrétt áhrif á eldsneytis- og dagvörumarkaði
4. Skaðleg áhrif aukinna eignatengsla á dagvöru og eldsneytismarkaði
5. Önnur atriði

Að mati N1 eru þau skilyrði sem félagið hefur lagt fram fullnægjandi til þess að bregðast við ætlaðri röskun. Hefur félagið breytt skilyrðunum með hliðsjón af bréfi Samkeppniseftirlitsins dags. 15. apríl og öðrum sjónarmiðum sem fram hafa komið í samskiptum N1 og Samkeppniseftirlitsins. Hér á eftir verður rökstutt með heildstæðum hætti af hverju N1 telur skilyrðin duga til að bregðast við áhyggjum Samkeppniseftirlitsins.

Þar sem Samkeppniseftirlitið gaf til kynna í bréfi sínu dags. 15. apríl að helst sé þörf á rannsókn þess hvort skilyrðin dugi til að bregðast við vandkvæðum sem tengjast ætlaðri innkomu Festi á eldsneytismarkaðinn mun N1 leggja megináherslu á þann þátt hér á eftir. Verður svo vikið að öðrum atriðum sem varða skilyrðin.

1. Samruni við mögulegan keppinaut á eldsneytismarkaði

Til að bregðast við áhyggjum af ætlaðri innkomu Festi á eldsneytismarkaðinn leggur N1 til að sameinað félag geri eftirfarandi:

- i. Selji frá sér þrjár eldsneytisstöðvar og vörumerkið Dælan (vísað verður til hins selda sem Dælan hér á eftir)
- ii. Beiti sér fyrir því að aðstaðan á Bíldshöfða 20 verði áfram leigð út og að N1 opni ekki afgreiðslu við Bíldshöfða 20

Hér er um að ræða ákvæði III. kafla boðinnar sáttar.

a. Forsendur kaupa N1

Rétt er að rekja stuttlega ástæður kaupa N1 á Festi. Þekkt er að sala á jarðefnaeldsneytis á borð við bensín og dísil mun ekki vaxa til framtíðar. Vegna aukningar í ferðamennsku á Íslandi hefur orðið tímabundin aukning í sölu á undanförunum árum en almennt er þróunin sú að farartæki og vélar nota fleiri og fjölbreyttari gerðir af eldsneyti en áður og auk þess minna eldsneyti. Endurnýjun fiskiskipaflotans á undanförunum árum með sparneytnari vélum hefur t.a.m. haft áhrif í átt að minni sölu til útgerða.

Stöðug áskorun er fyrir félag eins og N1 að viðhalda rekstrarhagkvæmni sinni og arðsemi. Liður í að nýta þau tækifæri sem kunna að leynast á markaðnum er m.a. með samruna við félag á borð við Festi. Má með þeim hætti ná niður kostnaði á selda einingu og þannig auka hagkvæmni N1.

Með ákvörðun N1 um að kaupa Festi var tekið skref út fyrir hefðbundinn rekstur olíufélags. Ætlunin er að líta út fyrir þá markaði sem N1 hefur starfað á og styrkja rekstrargrundvöll félagsins til lengri tíma. Með sameiningunni mun N1 hafa fleiri tækifæri til framtíðar.

Einnig má benda á að stórar þjónustustöðvar í þéttbýli eru ekki jafn arðsamar og áður. Ekki hvað síst á það við þegar rekstur þeirra er borinn saman við þá arðsemi sem mætti hafa af fasteignapróunarverkefnum á vel staðsettum lóðum. Mun N1 í kjölfar kaupanna ef af verður breyta nokkrum þjónustustöðvum í sjálfsafgreiðslustöðvar.

Olíufélög eru almennt meðvituð um þá stöðu sem uppi er varðandi sölu á jarðefnaeldsneyti og þörfina til þess að bregðast við fyrirsjáanlegum samdrætti í sölu slíks eldsneytis með einhverjum hætti. Kaup N1 á Festi eru liður í því og munu kaupin miðað við áætlanir stjórnenda félagsins auka hagkvæmi í rekstri N1 og leiða til ákveðins sparnaðar. Skapar það meðal annars svigrúm til framtíðar til þess að taka þátt í samkeppni hér á landi.

Í þessu samhengi má benda á að í skýrslu McKinsey „Charting a Growth Path for Iceland“ er fjallað í löngu máli um lága framleiðni í íslensku efnahagslífi. Hluti ástæðunnar fyrir hinni lágu framleiðni er talin sú að almennt eru fáir viðskiptavinir á bakvið hverja verslun eða afgreiðslu hjá verslunar- og þjónustufyrirtækjum. Er reksturinn því mun fjármagnsfrekari en gengur og gerist í heiminum. Að mati N1 væri samruni fyrirtækja á borð við N1 og Festi liður í því að auka framleiðni í íslensku efnahagslífi þar sem hægt er að ná fram betri nýtingu fastafjármuna og dreifa miðlægum kostnaði á fleiri viðskiptavini. Liður í því væri sá að N1 myndi færa eldsneytisdælan á lóðir Festi og loka sjálfsafgreiðslustöðvum.

b. Almennt um Dæluna

Dælan er vörumerki í eigu N1 sem selur eldsneyti á einu föstu verði. Eru ekki veittir afslættir á stöðvum Dælunnar andstætt því sem tíðkast á öðrum stöðvum N1.

Í dag er Dælan með starfsemi á þremur stöðum; Fellsmúla og Mjódd í Reykjavík og Smáralind í Kópavogi. Hefur sala allra stöðva farið vaxandi á undanförunum árum. Virðist þetta viðskiptamódel höfða sérstaklega til þeirra sem ekki taka þátt í vildarkerfi N1.

N1 hefur lagt töluvert fé í að markaðssetja Dæluna. Hefur Dælan sérstaka heimasíðu og síður á öllum helstu samfélagsmiðlum sem töluverð vinna hefur farið í að hanna og efla. Var smásöluverð Dælnnar upphaflega 11 krónum lægra en listaverð N1 en algengast hefur verið að afslátturinn frá listaverði sé á milli 15 og 17 krónur. Hæstur hefur afslátturinn frá listaverði verið 25 krónur. Hefur þetta vakið athygli á félaginu og ýtt undir vöxt.

Má sjá vöxtinn glögglega þegar borin eru saman tvö jafn löng tímabil frá því að merkinu var komið á laggirnar:

[...]¹

Stöðvar Dælnnar við Stekkjarbakka og Smáralind eru á leigulóðum og liggur fyrir að gera þurfi breytingar á þessum stöðvum á næstu misserum eða árum. Af þeim sökum er í framboðnum skilyrðum gert ráð fyrir að auk vörumerkisins Dælan selji N1 frá sér sjálfsafgreiðslustöðvar við Hæðarsmára 8 og Salaveg 2 auk stöðvar Dælnnar við Fellsmúla.

Rétt er að taka fram að leyfi fyrir rekstri eldsneytisafgreiðslu í Reykjavík eru verðmæt í sjálfu sér þar sem það er stefna Reykjavíkurborgar að ekki verði opnaðar fleiri eldsneytisstöðvar, en á móti hefur borgin ekki lagst gegn áframhaldandi starfsemi á nýjum stað. Eignarhald á leyfum og tækjabúnaði gerir þannig nýjum aðilum kleift að opna á nýjum stað innan borgarmarkanna ef nauðsynlegt reyndist að flytja starfsemina til. Í þessu samhengi er rétt að benda sérstaklega á eftirfarandi umfjöllun í álit Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2017:

„Líkt og rakið væri í skýrslu Samkeppniseftirlitsins væri í gildandi aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2010-2030 að finna sérstakt ákvæði um bensínstöðvar þar sem kæmi fram hvar bensínsala væri heimil, markmið um fjölda þeirra og ákveðnar kröfur gerðar til nýrra stöðva þar sem áhersla væri lögð á litlar stöðvar innan gróinna atvinnusvæða en ekki á stakstæðum lóðum. Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins væri dregin sú ályktun að umrædd stefna kæmi að öllu leyti í veg fyrir að lóð væri úthlutað nema önnur yrði lögð niður á móti. Reykjavíkurborg andmæli þessu enda kvæði stefnan skýrt á um að stefnt væri að því að sporna við fjölgun eldsneytisstöðva og leggja niður aðra stöð á móti nýrri stöð. Væri því á engan hátt komið í veg fyrir að ný eldsneytisstöð risi væri þess talin þörf. Þá væri ekki hægt að fullyrða að eldri eldsneytisstöð yrði lögð niður í hvert sinn sem úthlutað væri lóð fyrir nýja stöð, þó vissulega væri stefnt að því.“

Er hér endursögð afstaða Reykjavíkurborgar til þeirra álitaefni sem Samkeppniseftirlitið spyr sveitarfélagið um. Er ljóst af framangreindu að handhöfn starfsleyfis leiðir almennt til þess að mögulegt er að færa viðkomandi afgreiðslu til innan sveitarfélagsins. Leiða ákvæði aðalskipulags Reykjavíkurborgar 2010-2030 til sömu niðurstöðu. Að mati N1 skapar það því öflugan grundvöll undir starfsemi í Reykjavík að eignast tvö leyfi til þess að starfrækja eldsneytisafgreiðslur innan lögsögumarka Reykjavíkur.

¹ Trúnaðarmál

Í ljósi afstöðu skipulagsyfirvalda í Reykjavík felast sjálfstæð verðmæti í að njóta leyfis til að reka eldsneytisstöð í Reykjavík þar sem það eru fyrst og fremst aðilar sem njóta þegar slíkra leyfa sem geta opnað nýjar eldsneytisstöðvar gegn því að leggja af starfsemi eldri stöðva. Kæmi til sölu Dælunnar ætti kaupandinn að geta fært afgreiðsluna á Fellsmúla í grennd við dagvöruverslun hafi hann möguleika á því. Var þetta staðfest á fundi Samkeppniseftirlitsins með fulltrúa Reykjavíkurborgar sem fram fór hinn 4. apríl 2018 samkvæmt fundagerð á skjali 200 á gagnalista dags. 10. apríl.

Samkeppniseftirlitið virðist í bréfi sínu dags. 10. apríl byggja á að skipulagsyfirvöld í Reykjavík hafi ekki útilokað að áform Festi myndu ganga eftir en einnig virðist á því byggt að önnur sveitarfélög hafi verið jákvæðari gagnvart rekstri eldsneytisstöðva en Reykjavíkurborg. Að því gefnu þá verður að ætla að rekstur Dælunnar geti verið öflugur grunnur fyrir frekari rekstur en almennt er selt minna eldsneyti utan Reykjavíkur og höfuðborgarsvæðisins á sambærilegum stöðvum þar sem íbúar eru færri. Eignarhald á Dælunni gæti því skapað grundvöll fyrir frekari starfsemi.

Að mati N1 standa þó öll rök til þess að ætla að sú stefna sem birtist í aðalskipulagi Reykjavíkurborgar og staðfest var með synjun Umhverfis- og skipulagsráðs á umsókn Festi sé opinber afstaða Reykjavíkurborgar þar til henni hefur verið breytt. Vangaveltur um að stefnan kunni að breytast hafa enga sjálfstæða þýðingu.

c. Afgreiðslan á Bíldshöfða

Festi mun væntanlega eiga helming húsnæðisins á Bíldshöfða. Hefur verið gerður leigusamningur við Atlantsolíu sem rennur út 2020. Að þeim tíma liðnum hefur Festi möguleika á að leigja út lóðina en Festi á þó ekki alla fasteignina að Bíldshöfða 20. Þurfa eigendur fasteignarinnar að koma sér saman um útleigu aðstöðunnar.

Getur N1 til frambúðar skuldbundið sig til að opna ekki eigin sjálfsafgreiðslustöð eða sækjast sjálft eftir að hagnýta þá aðstöðu sem fyrir er. Telur N1 að áframhaldandi útleiga Bíldshöfða til 3ja aðila geti dregið úr þeirri ætluðu röskun sem Samkeppniseftirlitið telur að leiða af samrunanum.

Kynni þá að vera að Atlantsolía gæti áfram leigt aðstöðuna en ætla má að um sé að ræða eina af veltuhærra stöðvum félagsins. Þá er einnig mögulegt að hugsanlegur kaupandi vörumerkisins Dælan myndi leigja aðstöðuna sem myndi styðja enn frekar við þann rekstur. Telur N1 koma til greina að veita viðkomandi aðila forgang að aðstöðunni náist samkomulag þar um við aðra eigendur Bíldshöfða 20.

Telur N1 eðlilegt að tekið yrði tillit til samkeppnissjónarmiða við útleigu aðstöðunnar þannig að Olís sem starfar við Fjallkonuveg og Skeljungur sem rekur stöð við Grjótháls myndu síður eiga möguleika á því að leigja aðstöðuna en nýir aðilar eða smærri fyrirtæki.

d. Kröfur sem gerðar eru til söluskilyrða

Samkeppniseftirlitið hefur fjallað um þær kröfur sem almennt eru gerðar til skilyrða við meðferð samruna N1 og Festi. Telur N1 ekki ástæðu til þess að gera athugasemdir við þá umfjöllun að svo stöddu en rétt er að rekja stuttlega sjónarmið um eignasölu.

Framkvæmdastjórn ESB hefur gefið út leiðbeiningar um skilyrði sem geta komið til í samrunamálum.² Um breytingu í uppbyggingu samrunaaðila, þar með talið sölu eigna, segir svo:

„Structural commitments, in particular divestitures, proposed by the parties will meet these conditions only in so far as the Commission is able to conclude with the requisite degree of certainty that it will be possible to implement them and that it will be likely that the new commercial structures resulting from them will be sufficiently workable and lasting to ensure that the significant impediment to effective competition will not materialise.“

Segir í efnisgrein 17 í leiðbeiningum að almennt sé eignasala heppilegasta lausnin á röskun á samkeppni þar sem með henni verði komið í veg fyrir röskun í eitt skipti fyrir öll án þess að hafa þurfi sérstakt eftirlit með því að farið verði að skilyrðum. Eigi það við um samkeppnislega röskun sem stafar af láréttum, lóðréttum og samsteypu áhrifum.

Svo segir sérstaklega um þann hluta rekstrar sem seldur er:

„The divested activities must consist of a viable business that, if operated by a suitable purchaser, can compete effectively with the merged entity on a lasting basis and that is divested as a going concern. For the business to be viable, it may also be necessary to include activities which are related to markets where the Commission did not identify competition concerns if this is required to create an effective competitor in the affected markets.“

Ennfremur segir í reglunum að hinn seldi rekstur þurfi að fela í sér allt sem nauðsynlegt er fyrir starfsemina svo hún geti haldið áfram og sé lífvænleg og samkeppnishæf. Kemur einnig fram í viðmiðunum að framkvæmdastjórnin telji almennt heppilegra að seldar séu einingar sem eru þegar til og sjálfstæðar. Sem dæmi um slíkt er í viðmiðunum nefnt deild fyrirtækis sem ekki hefur verið stofnað sérstakt félag um.

Svo sem fram hefur komið hér að framan er Dælan hálf sjálfstæður rekstrarhluti af N1. Dælan hefur verið markaðssett með sjálfstæðum hætti og er að stórum hluta þjónustuð af Olíudreifingu. Engin sérstök tækniþekking eða hugverkaréttindi þarf til rekstrarins önnur en sjálft vörumerkið. Þannig er auðvelt að skilja rekstur Dælunnar frá annarri starfsemi N1. Gæti Olíudreifing veitt Dælunni alla nauðsynlega þjónustu svo halda mætti rekstrinum áfram. Ætti ekki að vera þörf á að færa til starfsmenn vegna sölunnar. Þær sjálfsafgreiðslustöðvar N1 sem seldar yrðu eru þannig hannaðar að auðvelt að breyta merkingum og uppsetningu þannig að þær yrðu að Dælu-stöðvum.

Í hjálögðum tillögum býðst N1 til þess að selja Dælunni alla nauðsynlega þjónustu svo lengi sem þörf er á eða að semja við Olíudreifingu um að Olíudreifing veiti viðkomandi þjónustu. Að mati N1 væru mikilvægustu samningarnir samningar um birgðahald, dreifingu og heildsölu á eldsneyti. Til viðbótar býðst N1 til að þjónusta Dæluna eins og óskað væri án skuldbindinga þannig að nýr eigandi gæti hvenær sem er gert sjálfstæða samninga við aðra aðila. Í skilyrðunum felst að N1 skuldbindur sig til þess að selja eldsneyti í heildsölu og gæti samningur þar að lútandi við Dæluna fylgt með í kaupunum.

² Sjá Commission notice on remedies acceptable under Council Regulation (EC) No 139/2004 and under Commission Regulation (EC) No 802/2004

Þar sem N1 heldur utan um rekstur hvernar og einnar stöðvar er mögulegt að útbúa sjálfstætt bókhald fyrir hverja og eina stöð með einföldum hætti sem auðveldar mjög söluferlið. Fylgir rekstraryfirlit fyrir rekstur Dælnnar undanfarin tvö ár og síðustu 12 mánuði með bréfi þessu. Svo sem sjá má er jákvæð framlegð af rekstrinum auk þess sem EBITDA eykst um [...]³ á milli árunna 2016 og 2017. Hefur afkoma félagsins haldið áfram að batna sé árið 2017 borið saman við síðustu tólf mánuði.

Ekki ætti að skipta verulegu máli hvort N1 stofni sérstakt félag um eignirnar fyrir sölu Dælnnar eða hvort eignirnar yrðu keyptar af N1 til sjálfstæðs félags (eða annars lögaðila). Ekkert er því til fyrirstöðu að stofnað verði sérstakt félag um eignirnar fyrir sölu telji Samkeppniseftirlitið það heppilegra.

Engir sérstakir samningar um forkaupsrétt eða önnur réttindi þriðja manns eru fyrir hendi um þær eignir sem um er að ræða sem ættu að flækja sölu. Hefur N1 forræði yfir öllum eignum Dælnnar og þeim eldsneytisstöðvum sem hér hefur verið fjallað um og því ekki ástæða til þess að ætla annað en að hinn seldi rekstur geti staðið sjálfstætt.

Til þess að leggja nánara mat á það hversu mikilvæg Dælan gæti verið fyrir samkeppni miðað við ætlaða eldsneytissölu á vegum Festi telur N1 rétt að fjalla nánar um mögulegan rekstur Festi en N1 hefur fjallað að takmörkuðu leyti um starfsemina fram að þessu ekki hvað síst vegna þess hversu litlar upplýsingar N1 hefur um ætlaðan rekstur Festi.

e. Um ætlaða starfsemi Festi á eldsneytismarkaði

Ekki er skýrlega tekið fram í leiðbeiningareglum framkvæmdastjórnar ESB hvert umfang seldra eigna skuli vera. Ætla má að það þurfi að taka eitthvað mið af þeirri ætluðu röskun sem verður á samkeppni. Að mati N1 er sú röskun í besta falli óveruleg. Rétt er að fjalla hér nánar um hugsanlega hlutdeild Festi á eldsneytismarkaði myndi félagið hefja starfsemi með sjálfstæðum hætti. Í því felst ekki að N1 telji að félagið þurfi að selja frá sér markaðshlutdeild sem samsvari tiltekinni ímyndaðri hlutdeild Festi á eldsneytismarkaði. Ætlunin er frekar að draga upp raunhæfa mynd af þeim samkeppnisþrýstingi sem stafað hefði af Festi svo beri megi þann samkeppnisþrýsting saman við Dæluna sem sjálfstætt félag.

Rétt er að taka fram að N1 hefur takmarkaðar upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi á vegum Festi, meðal annars þar sem litið hefur verið á upplýsingarnar sem trúnaðarupplýsingar þannig að N1 hefur ekki fengið afrit af nema hluta þeirra. Með tölvupósti dags. 25. apríl 2017 hafnaði Samkeppniseftirlitið því að veita N1 aðgang að tilteknum gögnum sem varða viðskiptaáætlanir Festi og annað sem máli skipti varðandi könnun félagsins á því að hefja starfsemi á eldsneytismarkaði. Átti það við um hvort tveggja upphaflegar áætlanir og nýrri áform. Hefur N1 mjög takmarkaðar upplýsingar um það á hvaða forsendum Samkeppniseftirlitið telur að Festi hafi mögulega getað orðið svo öflugur keppinautur sem raun ber vitni aðrar en þær að tiltekinn ráðgjafi Festi hefur útbúið viðskiptaáætlun sem gerir ráð fyrir því að svo verði.

Í bréfi Samkeppniseftirlitsins dags. 9. apríl er talið sérstaklega líklegt að Festi opni á Bíldshöfði 20 og við Krónuna Skógarlind 2-4. eru báðar afgreiðslurnar til þess að gera litlar. Stöðin sem heimild hefur verið veitt fyrir í Kópavogi er ætlað að vera á norðvestur horni lóðar Festi í Skógarlind. Gæti stöðin varla

³ Trúnaðarmál

verið með meira en tvær dælar miðað við stærð hennar. Til samans hefðu þá stöðvar Festi í Skógarlind og á Bíldshöfða á að skipa töluvert færri dælum en afgreiðsla Costco í Garðabæ.

Afkastageta dælanna yrði því óhjákvæmilega minni en hjá Costco. Getur afkastageta skipt töluverðu máli ef eftirspurn er mikil. Þannig hafa til að mynda oft myndast biðraðir við afgreiðslu Costco í Garðabæ en almennt forðast neytendur biðraðir. Til þess að biðraðir myndist þarf að vera nægilegt pláss fyrir þá sem bíða. Hvorki á Bíldshöfða 20 né í mögulegri afgreiðslu í Skógarlind 2-4 er nægilegt pláss fyrir langar biðraðir án þess að það hafi truflandi áhrif á aðra starfsemi á viðkomandi bílastæði eða jafnvel umferð í viðkomandi hverfi. Dregur þetta úr möguleikum Festi á að ná til sín umtalsverðri markaðshlutdeild á þessum stöðum.

Þess fyrir utan skal tekið fram að N1 taldi að félagið hefði náð samning við Festi um að reka eldsneytisstöðvar við verslanir Krónunnar. Hafði ekkert samkomulag verið undirritað enda taldi Festi nauðsynleg leyfi ekki í hendi. Hefði verið gengið frá samkomulaginu þannig að N1 ræki afgreiðslurnar hefði ekki bæst við nýr keppinautur heldur hefði N1 sennilega bætt við sig lágverðsmerki eða rekið fleiri sjálfsafgreiðslustöðvar undir merki Dælnnar.

Festi hefur nýlega látið teikna fyrir sig nýjar verslanir án þess að gert hafi verið ráð fyrir eldsneytisafgreiðslu á viðkomandi lóðum. Hefði verið eðlilegt að gera ráð fyrir því í deiliskipulagi ef Festi hefði ætlað að halda þeim möguleika opnum að hafa eldsneytisafgreiðslur á lóðunum. Fær N1 ekki séð að Festi hafi verið líklegt til þess að opna mjög margar afgreiðslur. Í þessu samhengi skal það sérstaklega tekið fram að ekki verður ráðið af samskiptum Samkeppniseftirlitsins við skipulagsyfirvöld í nokkrum sveitarfélögum að líklegt hafi verið að afgreiðslur yrðu settar upp með þeim hætti sem Festi taldi æskilegt. Verður það nánar rakið hér á eftir.

Hefur N1 ekki séð gögn sem benda til að Festi hefði boðið verð sem væru langt undir almennum eldsneytisverðum á höfuðborgarsvæðinu. Virðist sennilegra að Festi hefði valið að verðleggja sig með svipuðum hætti og mannlausar eldsneytisstöðvar olúfélaganna almennt. Telur N1 ekki tækt að leggja til grundvallar hvernig málum er háttað í Bretlandi varðandi álagningu eða hátterni dagvöruverslana svo sem rakið var í sjónarmiðum N1 við frummatsskýrslu Samkeppniseftirlitsins dags. 16. mars 2016.

Meginhugmynd Festi virðist vera að nýta fasteignir félagsins betur og var horft til þess að staðsetja eldsneytisafgreiðslurnar á bílastæðum Krónunnar. Í þessu samhengi er rétt að benda á að öll sveitarfélögin sem Samkeppniseftirlitið talaði við um hugsanlega opnun Festi á eldsneytisafgreiðslu sáu annmarka á því að Festi myndi opna afgreiðslu við verslanir félagsins. Bendir Festi sérstaklega á það í bréfi sínu dags. 13. apríl að ekki hafi komið til greina að opna eldsneytisafgreiðslu á nýjum lóðum. Gengur það enda gegn því markmiði að nýta fasteignir Festi betur.

Er rétt að benda á að séu væntingar Samkeppniseftirlitsins um velgengni Festi á eldsneytismarkaðnum réttar eru engar líkur á öðru en að fjöldi aðili hefði hafið innreið sína á eldsneytismarkaðinn þegar í kjölfarið. Sætir það reyndar furðu að enginn þeirra sem Samkeppniseftirlitið hefur rætt við hafi velt fyrir sér kostum þess að selja jarðefnaeldsneyti í ljósi þessu hversu auðvelt það virðist vera að njóta mikillar velgengni við sölu þess miðað við ætlun Samkeppniseftirlitsins.

Loks ber að nefna að þær staðsetningar sem hér hefur verið fjallað um hefðu mjög sennilega notið mestrar velgengni ef þeim afgreiðslum sem Festi óskaði eftir að setja upp ásamt mögulega

afgreiðslunni í Örfirisey. Sala á öðrum stöðvum hefði sennilega orðið minni og reksturinn háður því að skapa nægilega stærðarhagkvæmni innan félagsins.

f. Möguleg markaðshlutdeild Festi miðað við reynslu N1

Erfitt er að spá fyrir um hugsanlega markaðshlutdeild Festi á eldsneytismarkaði enda ræðst hún af mörgum breytum sem flestar eru óþekktar eða háðar mikilli óvissu. Telur N1 rök standa til að bera ætlaða starfsemi Festi saman við sjálfsafgreiðslustöðvar N1 og annarra olíufélaga.

Rekur N1 Dæluna sem selur eldsneyti á lágu verði án afsláttar en auk þess stendur viðskiptavinum N1 til boða að kaupa eldsneyti með afslætti á sjálfsafgreiðslustöðvum N1. Verður að ætla að sala þessara stöðva gefi sæmilega vísbendingu um ætlaða sölu Festi.

Aðeins tvær sjálfsafgreiðslustöðvar N1 ná að selja meira en [...] ⁴. Sjálfsafgreiðslustöð N1 við Smáralind selur þannig aðeins um [...] ⁵ lítra á ári. Þar er um að ræða stöð sem rekin er undir vörumerkinu Dælan sem er afsláttarmerki N1. Stöð N1 við Nettó á Salavegi selur [...] ⁶ lítra á ári. Stöðvarnar við Smáralind og Nettó eru báðar reknar við verslunarkjarna eða dagvöruverslun og ættu að gefa vísbendingu um hvað mætti selja mikið á Bildshöfða 20 og Skógarlind 2-4.

N1 hefur ekki nákvæmar tölur um heildarsölu eldsneytis á höfuðborgarsvæðinu. Hlýtur Samkeppniseftirlitið að búa yfir þeim vegna rannsóknar á samruna N1 og Festi og rannsóknar á samruna Haga og Olís. Í frummatsskýrslu Samkeppniseftirlitsins kemur fram að heildarsala á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2012 hafi verið 170-175 milljónir lítra. Þar sem N1 hefur ekki betri tölu fyrir heildarsöluna verður miðað við lægra gildið hér. Miðað við þá tölu væri hlutdeild framangreindra stöðva Dælnnar við Smáralind og N1 við Salaveg um [...] ⁷.

Til að ná 10% markaðshlutdeild á höfuðborgarsvæðinu þyrfti að selja 17 milljón lítra ef miðað er við að selt magn sé óbreytt frá árinu 2012. Jafnvel sala upp á 8,5 milljón lítrar sem myndi teljast 5% markaðshlutdeild miðað við sömu forsendur væri að mati N1 mjög óraunhæft magn fyrir tvær eða þrjár eldsneytisstöðvar á vegum Festi. Sér í lagi miðað við stærð þeirra og aðbúnað. Fara aðeins örfáar af eldsneytisafgreiðslum N1 yfir fimm milljónir lítra á ári eins og Samkeppniseftirlitinu er kunnugt um en þar er um að ræða stórar þjónustustöðvar. Þá er sala tveggja söluhæstu stöðva N1 lægri en 17 milljónir lítra á ári samanlagt. Að mati N1 er algjörlega óraunhæft að ætla að Festi hefði náð slíkri sölu með aðeins tveimur litlum sjálfsafgreiðslustöðvum.

Meðalsala á sjálfsafgreiðslustöðvum N1 á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri er [...] ⁸ á ári. Á sjálfssölum N1 þar fyrir utan er salan um [...] ⁹ að meðaltali. Salan á fimm söluhæstu stöðvunum er hins vegar svo:

[...] ¹⁰

⁴ Trúnaðarmál

⁵ Trúnaðarmál

⁶ Trúnaðarmál

⁷ Trúnaðarmál

⁸ Trúnaðarmál

⁹ Trúnaðarmál

¹⁰ Trúnaðarmál

Ef gert væri ráð fyrir að Festi hefði sett upp tvær stöðvar sem seldu tvær milljónir lítra hvor yrði hlutdeild félagsins 2,4% á höfuðborgarsvæðinu. Telur N1 að þar sé um að ræða verulega bjartsýnt mat á mögulegri sölu á vegum Festi enda allnokkru hærra en vænta mætti miðað við þær tölur sem hér hefur verið farið yfir.

Hefur Samkeppniseftirlitið bent á nokkur sveitarfélög þar sem Festi hefði getað sett upp eldsneytisafgreiðslur. Hefur Samkeppniseftirlitið talið óheimilt að upplýsa N1 um það hvaða sveitarfélög heyra þar undir en sennilega má telja að Árborg, Mosfellsbær og Akranes séu á meðal þeirra sveitarfélaga enda eru þar fyrir verslanir Festi. Hefur Jón Björnsson forstjóri Festi látið hafa eftir sér að eldsneytisafgreiðsluhugmyndin snúist fyrst og fremst um að hagnýta fasteignir betur. Með því er væntanlega átt við að ætlunin sé að breyta bílastæðum sem sjaldan eða aldrei eru notuð í eldsneytisafgreiðslu sé talið líklegt af henni sé jákvæð framlegð.

Þegar hefur verið rakið að ólíklegt er Festi hefði opnað víða utan höfuðborgarsvæðisins þar sem ekki fengust heimildir fyrir opnun afgreiðslu á lóðum Festi. Þá er sala almennt minni utan höfuðborgarsvæðisins eins og rakið var og því ólíklegt opnaði hefði verið víða nema sannarlega væri grundvöllur fyrir því.

Að mati N1 má því varla gera ráð fyrir því að Festi hefði náð meira en 3-4 milljón lítra sölu á þremur afgreiðslunum að meðtöldum ætluðum afgreiðslum á Bíldshöfða og við Lindirnar þegar þær hefðu tekið til starfa. Miðað við það hefði markaðshlutdeild ætlaðrar olíusölu Festi verið með á bilinu 1,7-2,3% samkvæmt þeim forsendum sem hér er miðað við. Telur N1 að hér sé um að ræða efri mörk á mögulegri markaðshlutdeild Festi.

Að mati N1 er sala á Dælunni því að minnsta kosti fullnægjandi til þess að vinna gegn þeirri samkeppnisröskun sem Samkeppniseftirlitið ætlar að hljótask muni af kaupum N1 á Festi. Í þessu samhengi skal það sérstaklega tekið fram að ekki er áskilið í fyrirbyggjandi viðmiðum að samrunaaðilar selji frá einhverja tiltekna markaðshlutdeild. Fyrst og fremst er er gengið út frá því í framkvæmd að skilyrði séu fullnægjandi til þess að vinna bug á ætlaðri röskun á samkeppni.

Telur N1 einsýnt að svo sé þar sem Dælan er burðug eining sem getur vel starfað sjálfstætt. Hefur verið stöðugur söluvöxtur hjá Dælunni og rekstrarafkoman verið jákvæð. Í andmælskjali Samkeppniseftirlitsins gefur stofnunin sér að Festi hefði fylgt tiltekinni verðstefnu. Virðist það vera ætlun Samkeppniseftirlitsins að ná megi fram mikilli sölu með lágum verðum og þannig hárrí markaðshlutdeild. Séu þær forsendur sem Samkeppniseftirlitið byggir á réttar þá er engin ástæða til þess að ætla annað en að nýir eigendur Dælnnar myndu sjá sér leik á borð og lækka verð mikið.

Má í þessu samhengi benda á það að Atlantsolía hefur nú lækkað verð á stöð sinni í Kaplakrika þannig að verðið er umtalsvert lægra en á öðrum eldsneytisafgreiðslum á höfuðborgarsvæðinu. Getur N1 ekki veitt sérstök fyrirheit um þá verðstefnu sem kaupandi Dælnnar kynni að taka en ætla verður að það sé ekki óraunhæft að ætla að kaupandinn myndi vilji halda verðum lágum til þess að auka hlutdeild Dælnnar. Væri það í samræmi við ímynd vörumerkisins.

Rétt er að halda því til haga að N1 hefur ekki haft mjög sterka stöðu á höfuðborgarsvæðinu. Eru Skeljungur og Olís bæði mjög öflug á höfuðborgarsvæðinu auk þess sem CostCo hefur nú hafið sölu eldsneytis. Er því umtalsverð samkeppni fyrir hendi án þess að N1 sé í sérstakri yfirburðastöðu. Selji N1

frá sér sjálfsafgreiðslustöðvar hefur félagið litla von um að opna nýjar stöðvar í stað hinna seldu þar sem skipulagsyfirvöld á höfuðborgarsvæðinu eru almennt á móti nýjum eldsneytisstöðvum, sérstaklega í Reykjavík. Í kjölfar sölunnar myndi N1 því ekki geta bætt við sig markaðshlutdeild á ný nema með því að ná markaðshlutdeild af öðrum. Að mati N1 eru allar forsendur til þess að ætla að samkeppni á höfuðborgarsvæðinu myndist aukast við sölu á Dælunni.

g. Hugsanlegur rekstur Festi

Í gagnaherbergi vegna kaupa N1 á Festi var að finna tvær glærur vegna hugsanlegrar innreiðar Festi á eldsneytismarkaðinn. Þar var meðal annars að finna einfaldan rekstrarreikning þar sem áætlaður hagnaður (EBIT) var [150-200 milljónir miðað við 10-15 milljón lítra sölu á þremur dælum eða 100-150 milljón króna hagnaði miðað við 5-10 milljón lítra sölu á tveimur dælum]¹¹.

Er gert ráð fyrir um [...] ¹²króna framlegð á hvern lítra í áætluninni. Segir einnig á glærunum að áætlað sé að útsöluverð verði [...] ¹³krónum lægra en listaverð á þeim tíma. Verður ekki annað ætlað en að hugtakið listaverð sé notað í hefðbundinni merkingu. Er það þá það verðskrárverð sem miðað er við þegar tilboð eru gerð til fyrirtækja. Þar er ekki um að ræða dæluverð sem er almennt lægra en listaverð.

Framlegðin í glærunum er ekki langt frá framlegð N1 á hvern lítra. Hefði Festi mögulega verið á svipuðum slóðum og afsláttarstöðvar olíufélaganna miðað við þessa framlegð. Umræddar glærur benda því ekki til þess til hafi staðið að selja eldsneyti á mjög lágu verði.

Svo sem fram hefur komið telur N1 að áætlanir Festi notist við nokkuð bjartsýnar sölutölur. Á það einnig við um umræddar glærur. Þyrfti salan að vera töluvert meiri en N1 telur sennilegt til þess að framlegðin verði jákvæð. Þannig yrði framlegðin í dæminu aðeins rúmar [10-15] ¹⁴ milljónir ef seldir væru [0-5] ¹⁵ milljón lítrar. Er þá markaðskostnaði og öðrum kostnaði haldið föstum enda þekkir N1 ekki forsendur hans. Eru þeir liðir mögulega ekki nema að litlu leyti breytilegur kostnaður.

Þá hefur ekki verið tekið tillit til fjármagnskostnaðar í umræddum glærum. N1 hefur útbúið nokkrar sjálfsafgreiðslustöðvar á liðnum árum. Hefur kostnaður við þær ekki verið undir fimmtíu milljónum á síðustu árum. Samandregið hefur kostnaðurinn verið eftirfarandi (á verðlagi hvers árs):

[...] ¹⁶

[Þrjár stöðvar miðað við þessar tölur myndu því kosta um 300 milljónir króna sé notast við meðalkostnaðinn. Árleg afskrift hefði þá verið um 20 milljón króna miðað við tólf ára afskriftartíma.] ¹⁷ Yrðu allir kostnaðarliðir reiknaðir og afskriftin dregin frá rekstrarniðurstöðunni að ofan er orðið mjög lítið eftir til þess að standa straum af fjármagnskostnaði hvort sem verkefnið yrði fjármagnað með eigin fé eða lánum.

¹¹ Þrátt fyrir að notað sé hugtakið „dæla“ virðist vera átt við stöð. Nákvæm gildi felld út vegna trúnaðar.

¹² Trúnaðarmál

¹³ Trúnaðarmál

¹⁴ Trúnaðarmál

¹⁵ Trúnaðarmál

¹⁶ Trúnaðarmál

¹⁷ Námunnað að næsta tug og hundraði vegna trúnaðar

N1 hefur ekki upplýsingar um þá ávöxtunarkröfu sem gerð var til verkefnisins en nefna má líkt og gert var í sjónarmiðum N1 til Samkeppniseftirlitsins vegna frummatsskýrslu stofnunarinnar 16. mars 2016 að greiningaraðilar hafa notað veginn fjármagnskostnað upp á 10,5-11% fyrir N1. Miðað við þessar forsendur er því ólíklegt að verkefnið skili viðunandi arðsemi, en líklega tapi.

Það er skilningur N1 að áætlanir Festi hafi tekið breytingum frá fyrstu tillögum. Þannig vísar Samkeppniseftirlitið helst til mun nýlegrri viðskiptaáætlunar en þeirrar sem N1 hefur hér fjallað um. Viðskiptaáætlanir eru í eðli sínu aðeins ágiskun á mögulegri atburðarrás þó að notast megi við ýmis konar gögn til aðstoðar. Telur N1 það furðum sæta ef uppfærðar viðskiptaáætlanir hafa verið bjartsýnni en sú sem hér er fjallað um.

Að mati N1 benda þau gögn sem félagið býr yfir ekki til þess að líklegt sé að Festi hefði haft viðlíka góða framlegð af eldsneytissölu og ætlað virðist miðað við bréf Samkeppniseftirlitsins. Verða að minnsta kosti ekki dregnar mjög víðtækar ályktanir af viðskiptaáætlunum sem ekki hafa verið sannprófaðar.

Meðfylgjandi bréfi þessu er rekstraryfirlit fyrir Dæluna. Svo sem sjá má er afkoma Dælnnar jákvæð og hefur rekstrarhagnaður Dælnnar farið vaxandi. Kaupandi Dælnnar myndi eignast allan búnað og annað sem þarf til rekstursins og þyrfti því ekki að leggja út í fjárfestingar af þeim sökum. Bendir því allt til þess að salan N1 á Dælnni muni leiða til þess að forsendur skapist til þess að nýr öflugur keppinautur á eldsneytismarkaði verði til.

N1 hefur útbúið rekstrarlíkan fyrir eldsneytisstöð sem starfar við mjög lága álagningu til þess að reikna megi út hvers mikil veltan þurfi að vera til þess að rekstur einnar stöðvar standi á núlli. Fylgir líkanið með bréfi þessu. Nánar tiltekið eru forsendurnar eftirfarandi:

- Fjárfesting í stöðinni er 55 milljónir króna
- Stöðin er með 4 dætur
- Miðað er við lægsta söluverð á markaðnum og kostnað hjá N1 til að áætla álagningu pr. ltr. [...] ¹⁸
- Lóðarleiga er í samræmi við óundirritaðan en handsalaðan samning milli N1 og Krónunnar [...] ¹⁹ seldan líter og dregst frá framlegð pr. ltr.
- Ekki er reiknað með álagningu heildsala
- Gert er ráð fyrir hálfu stöðugildi þar sem launakostnaður eru 500 þús. kr. á mánuði
- Annar kostnaður tekur mið af meðalkostnað á sjálfsafgreiðslustöðvum N1 á höfuðborgarsvæðinu og er [...] ²⁰ á ársgrundvelli
- Sameiginlegur kostnaður s.s. bókhald, uppgjör, markaðskostnaður o.s.frv. er [...] ²¹ á ársgrundvelli
- Gert er ráð fyrir að 50% af sölnni sé með kreditkortum og 50% sé með debetkortum og eru biðdagar korta reiknaðir 22 dagar að meðaltali.
- Gert er ráð fyrir 14 daga birgðum sem myndi minnka ef keypt er af heildsala
- Afskriftarprósenta er 10%

¹⁸ Trúnaðarmál

¹⁹ Trúnaðarmál

²⁰ Trúnaðarmál

²¹ Trúnaðarmál

- Gert er ráð fyrir því að framlegð aukist til samræmis við verðbólgu þannig að ekki verður samdráttur vegna tækniframfara eða annarra orkugjafa

Niðurstaða líkansins er sú að stöð af þessum toga þyrfti að selja 5,4 milljónir lítra til að þjónusta eiginfjárkröfu og lánsfjármagni miðað við veginn fjármagnskostnað (e. Weighted Average Cost of Capital, WACC) upp á 10,5%. Líkön af þessu tagi eru almennt háð forsendum og gætu smávægilegar breytingar haft þó nokkur áhrif á niðurstöðuna. Fylgir líkanið hér með.

Svo sem rakið hefur verið telur N1 ólíklegt að Krónan hefði náð slíkri veltu jafnvel þó að álagning hefði verið jafn lág og gert er ráð fyrir í dæminu. Rétt er að taka fram að fræðilega er ekkert því til fyrirstöðu að kaupandi Dællunnar taki upp rekstrarmódel af þessum toga. Í ljósi þess að Samkeppniseftirlitið telur áætlanir Festi um sölu „ekki óraunhæfar“ þá má verður að ætla að það geti talist að lágmarki ekki óraunhæft að Dællan sem sjálfstætt fyrirtæki gæti starfað samkvæmt áþekku rekstrarmódeli og náð til sín sölu upp á 16,2 milljónir lítra á þremur stöðum. Væri reksturinn þá sennilega orðinn stærri en ætlaður rekstur Festar á þessu sviði.

h. Forsendur ráðgjafa Festi

Samkeppniseftirlitið byggir mat sitt á hugsanlegri markaðshlutdeild Festi fyrst og fremst á áætlunum ráðgjafa Festi. Þó að ráðgjafinn hafi reynslu af eldsneytismarkaðnum, sem mögulega er farið að slá í, þá er hann engan veginn sá eini sem hefur reynslu af markaðnum. Nefna má að tveir fyrrverandi forstjórar Skeljungu hafa horfið til annarra starfa, annar mjög nýlega. Ættu þeir báðir að hafa þokkalega vitneskju um hvað megi teljast líklegt í þessum efnum.

Telur N1 að viðskiptaáætlun sú sem útbúin var af ráðgjafa Festi verði ekki lögð til grundvallar niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins án þess að forsendur hennar verði prófaðar betur. Er að lágmarki rétt að gera ráð fyrir allháum vikmörkum á áætlunum ráðgjafans í ljósi þeirrar augljósu óvissu sem er um mögulega velgengni félagsins og gerð hefur verið grein fyrir hér á undan.

i. Afgreiðslur við dagvöruverslanir

Eldsneytisafgreiðslur hafa verið opnaðar við dagvöruverslanir hér á landi og eru starfræktar við dagvöruverslanir. Hafa slíkar afgreiðslur jafnvel verið í sama eignarhaldi og viðkomandi dagvöruverslun (svo sem Bensínorkan ehf. var um skeið). Hefur það í einhverjum tilvikum haft áhrif til breytinga en varla skilað sér í þeirri byltingu sem Samkeppniseftirlitið virðist telja að opnun eldsneytisafgreiðslna við dagvöruverslanir felur í sér.

Hefur Orkan lengi rekið afgreiðslu á bílplaninu við Hagkaup á Eiðistorgi, Bónus á Smiðjuvegi og Hagkaup á Akureyri. Var Bensínorkan ehf. meðal annars um skeið í eigu samstæðunnar sem nú nefnist Hagar án þess að það hefði öll þau áhrif sem Samkeppniseftirlitið ætlar að Festi hefði haft. Hagar höfðu þó beina hagsmuni að tengingunni við bensínstöðvarnar. Veit N1 ekki til þess að Orkan hafi þrátt fyrir þetta náð sölu sem talist gat í námunda við þær væntingar sem Samkeppniseftirlitið virðist hafa til ætlaðrar sölu Festi.

Eru víða um land sjálfsafgreiðslustöðvar við dagvöruverslanir og aðrar verslanir. Til viðbótar við framangreint má nefna að ÓB er á bílplani Fjarðarkaupa, Olís við Krambúð á Akureyri, Atlantsólía við Nettó í Kópavogi og Byko í Kópavogi (við eina stærstu smásölu einingu höfuðborgarsvæðisins). Samanburður við allar ofangreindar stöðvar er nauðsynlegur til að meta ætlaða sölu Festi. Ætti Samkeppniseftirlitið að búa yfir sölutölum fyrir nefndar afgreiðslur.

Fleiri fyrirtæki eða vörumerki eru á sjálfsafgreiðsluhluta markaðarins í dag en var þegar Festi hóf að kanna möguleikana á rekstri eldsneytisafgreiðslu, þ.e. Dælan, Orkan, ÓB, Atlantsólía og Costco. Má því almennt telja óraunhæft að nýr aðili næði að kollvarpa markaðinum.

Þess fyrir utan telur N1 allar líkur á því að fleiri aðilar myndu hasla sér völl á eldsneytismarkaði ef það væri jafn auðvelt og Samkeppniseftirlitið ætlar. Þannig hljóta Hagar sem eru mun stærra en Festi að hafa yfirráð yfir bílastæðum þar sem væri pláss fyrir eldsneytisgreiðslur. Voru Hagar fljótir að bregðast við þegar Baskó opnaði Dunkin Donuts fyrir stuttu.

Hvað varðar Orku náttúrunnar sérstaklega er rétt að geta þess að félagið er að selja rafmagn fyrir bifreiðar og hefur nú komið upp sölustöðum hringinn í kringum landið. Rafmagn er þegar orðinn valkostur fyrir bíleigendur og er starfsemin þar með í samkeppni við olíufélög á borð við N1. Svo sem tekið hefur verið fram þá eru allar líkur á því að draga muni úr sölu jarðefnaeldsneytis á bifreiðar hér á landi. Eins og sakir standa er rafmagn sá orkugjafi sem líklegastur er til þess að taka við af jarðefnaeldsneyti.

j. Sala á Dælunni

N1 leggur til í sáttatillögu félagsins að Dælan verði seld í skilgreindu ferli. Telur N1 að um sé að ræða marksvist sölufarli sem auki líkurnar á því að vel takist til um söluna á Dælunni.

Leggur N1 fyrir það fyrsta til að sölufarlinu verði skipt í tvennt þannig að N1 fái fyrst tækifæri til þess að selja Dæluna með þeim hætti sem félagið kys. Á meðan verði rekstri Dælnnar haldið aðgreindum frá öðrum rekstri N1 og óháðum kunnáttumanni falið að fylgjast með því að svo sé.

Takist N1 ekki að selja Dæluna innan tímafrests leggur N1 til að óháðum aðila verði falið að annast um söluna. Muni óháði kunnáttumaðurinn áfram fylgjast með rekstri Dælnnar en gerður yrði sjálfstæður samningur við fyrirtækjaráðgjafa um að hafa milligöngu um að selja Dæluna.

Hefur N1 við gerð sáttatillögunnar miðað við sjónarmið evrópsk samkeppnisréttar en einnig innlend fordæmi. Þannig er meðal annars miðað við ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2008 frá 5. febrúar 2008 hvað varðar ýmis ákvæði samanber einnig ákvörðun nr. 44/2009. Hefur N1 stillt upp ákvæðum um sölufarlið sem eru í öllum aðalatriðum í samræmi við þau skilyrði sem finna má í nefndri ákvörðun. Eru skilyrðin sem þar er að finna í samræmi við viðmið framkvæmdastjórnar ESB.

k. Samandregið

Telur N1 að sala á Dælunni og áframhaldandi útleiga á afgreiðslunni við Bíldshöfða 20 eigi að leiða til þess að ekki verði af ætlaðri röskun á samkeppni. Með framlögðum tillögum yrði einn eða tveir keppinautar styrktir til starfsemi á markaðnum. Yrði að minnsta kosti Dælan keppinautur sem væri ólíkur öðrum sem fyrir eru og með sterka hvata til þess að keppa í verðum.

Að mati N1 þarf að taka sérstaklega tillit til þess að ólíklegt er að viðskiptaáætlun Festi hefði gengið eftir með þeim hætti sem áformað var. Má þó fallast á að hefði Festi hafið rekstur á eldsneytismarkaði hefði félagið getað náð til sín einhverri markaðshlutdeild á höfuðborgarsvæðinu.

Telur N1 gögn helst benda til að Festi hefði náð til sín sölu að hámarki upp á 3-4 milljónir lítra á ári. Hefði það getað aukið samkeppni á höfuðborgarsvæðinu frá því sem nú er. Ólíklegt er að Festi hefði kollvarpað eldsneytismarkaðnum með innkomu sinni. Stöðvarnar sem N1 býðst til þess að selja hafa

sölu sem ekki er ósvipuð því sem N1 telur líklegt að Festi hefði selt (N1 hefur ekki nákvæmar tölur um sölu á Bíldshöfða). Ómögulegt er spá fyrir um það hvernig rekstrinum myndi reiða af en N1 telur allar líkur á því að nýir eigendur myndu öðlast góða fótfestu á markaðnum og vera í stöðu til þess að keppa við þau félög sem fyrir eru með öflugum hætti.

Þá er rétt að hafa það í huga að Dælan hefur farið vaxandi og mikil söluaukning verið á umræddum stöðvum hjá N1. Takist nýjum eiganda að halda þeim vexti er vel mögulegt að markaðshlutdeild Dælnnar yrði í samræmi við ætlaða hlutdeild Festar samkvæmt frumniðurstöðu Samkeppniseftirlitsins. Ennfremur væri ekkert því til fyrirstöðu að nýr eigandi myndi leggja upp með enn lægri álagningu en N1 hefur gert og freista þess að ná til sín markaðshlutdeild með þeim hætti. Miðað við frumniðurstöðu Samkeppniseftirlitsins yrði það í reynd vænlegt rekstrarmódel. Útilokar ekkert í rökstuðning Samkeppniseftirlitsins að slíkt rekstrarmódel verði notað á stöðvum sem starfa óháð dagvöruverslunum.

Svo sem hér hefur verið rakið getur Dælan staðið sem sjálfstætt félag, sér í lagi miðað við það upplegg sem hér er lagt til. Hefur N1 lagt út í kostnað við að byggja upp vörumerkið og hefur sala Dælnnar farið vaxandi að undanfögnu. Skilar þessi hluti rekstrar N1 jákvæðri framlegð og verður að ætla að mögulegt sé að selja hann vandkvæðalítið í einu lagi og þannig auka samkeppni. Með framboðnum tillögum býðst N1 ennfremur til þess að skipta út þeim stöðvum Dælnnar sem kynnu að hverfa á næstunni fyrir tvær aðrar þar sem engin ástæða er til þess að ætla að breytingar verði í náinni framtíð. Telur N1 öll rök hníga að þeirri niðurstöðu að sala á Dælunni geti haft sambærileg en þó líklega meiri áhrif en innkoma Festi á eldsneytismarkaðinn hefði haft.

2. Staðbundin áhrif

Til þess að bregðast við áhyggjum Samkeppniseftirlitsins vegna staðbundinna áhrifa leggur N1 til að sameinað félag selji frá sér verslun Kjarvals á Hellu.

Nánar tiltekið er hér um að ræða 8. gr. hjálagðrar sáttatillögu.

Fram kemur á bls. 96-97 í andmælaskjali Samkeppniseftirlitsins að markaðshlutdeildar Festi hafi verið 35-40% á Suðurlandi á árinu 2016. Var hlutdeild stærsta keppinautar Festi álitin 40-45% en hlutdeild annarra á bilinu 10-15%. Var Festi því ekki álitin stærst á þessu svæði. Breytti það myndinni óverulega þegar dagvörusölu eldsneytisstöðva var bætt við. Áleit Samkeppniseftirlitið HHI stuðulinn fyrir Suðurland vera 3.248 stig fyrir samrunann og að vegna samrunans myndi hann hækka um 166 stig (bls. 116). Var þar dagvörusala eldsneytisstöðva talin með annarri dagvörusölu þrátt fyrir að Samkeppniseftirlitið teldi þessa sölu ekki vera á sama markaðnum.

Samkeppniseftirlitið lagði einnig mat á svokölluð staðbundin áhrif í samrunaskránni. Kemur fram á bls. 168 í andmælaskjalinu að Samkeppniseftirlitið álíti aðeins tvo keppinauta vera á Hvolsvelli eftir samrunann. Áleit stofnunin hlutdeild sameinaðs félags N1 og Festi mjög háa á Hvolsvelli og að aðilar á borð við Sunnlenska sveitamarkaðinn og Björkina veittu takmarkað samkeppnislegt aðhald.

Mótmælti N1 þessum sjónarmiðum í bréfi sínu dags. 12. mars 2018. Lét Samkeppniseftirlitið í kjölfarið gera spurningakönnun m.a. í afgreiðslum N1 og Festi á Hvolsvelli til þess að kanna nánar staðkvæmd á milli verslananna. Leiddi könnunin til þess að Samkeppniseftirlitið breytti að hluta til frumniðurstöðu

sinni svo sem fram kom í bréfi Samkeppniseftirlitsins dags. 12. apríl 2018. Áleit stofnunin þó að áfram yrði fyrir hendi röskun á samkeppni vegna stöðunnar á Hvolsvelli.

Er samkvæmt framangreindu töluverð samkeppni á Suðurlandi öllu og er Festi þar síður en svo stærsta félagið. Frá Hellu er aðeins 30 mínútna akstur á Selfoss þar sem er fjöldi verslana. Er fjöldi byggðalaga á Suðurlandi og stutt á milli þeirra en stundum fáar verslanir í hverju byggðalagi.

Með hliðsjón af frumniðurstöðu Samkeppniseftirlitsins hefur N1 sett fram tillögu að sátt sem ætlað að auka samkeppni á Suðurlandi með því að selja hluta dagvöruverslunar sameinaðs félags N1 og Festi. Telur N1 það vera einfaldast að félagið selji frá sér verslun Kjarvals á Hellu. Þar er um að ræða heila verslunareiningu þar sem enginn samningsbundin réttindi þriðja aðila flækju sölu verslunarinnar. Með sölunni ætti að vera tryggt að fleiri sinni dagvörusölu á Suðurlandi en ella.

Að mati N1 duga framangreindar ráðstafanir til að efla samkeppni á Hellu og Hvolsvelli og eyða ætlaðri röskun á samkeppni. Olís hefur rekið eldsneytisafgreiðslu á Hellu til langs tíma. Myndu því að minnsta kosti þrjú félög vera viðriðin einhvers konar dagvörusölu á þessu svæði.

Telur N1 til einföldunar að sama ferli verði viðhaft við sölu verslunarinnar og við sölu Dælnunnar. Eiga því sömu sjónarmið við um ferlið og rakin hafa verið hér að ofan.

3. Skaðleg lóðrétt áhrif og samsteypuáhrif

Til þess að bregðast við áhyggjum samkeppniseftirlitsins vegna lóðrétttra áhrifa leggur N1 til að félagið geri eftirfarandi:

- i. Skapi umgjörð um heildsölu bifreiðaeldsneytis hjá félaginu
- ii. Grípi til aðgerða til þess að skapa aðgengi þriðju aðila að þjónustu Olíudreifingar

Um þetta er fjallað í II. kafla tillagna N1 að sátt við Samkeppniseftirlitið. Fjallar 5. gr. um aukið aðgengi að heildsölu og 6. gr. um birgðahald og dreifingu. Þá er sérstakt gildissviðsákvæði í 4. gr. kaflans. Þá er að finna tillögu fyrir hluthafafund Olíudreifingar í viðauka við sáttina.

N1 hefur frá árinu 2011 eingöngu í tvígang gert tilboð í heildsöluviðskipti á eldsneyti til endursöluaðila. Hefur ekki verið óskað eftir tilboðum oftar. Vera kann að umfang þessarar starfsemi aukist í framtíðinni. Á meðan svo er ekki telur N1 hins vegar óþarfi að setja mikla umgjörð um heildsölustarfsemi. Hins vegar er lagt til í hjálagðri sátt að N1 skuldbindi sig til að selja eldsneyti í heildsölu til endursöluaðila ef eftir því er óskað.

Að mati N1 er óþarfi að ráða sérstakan starfsmann til að annast heildsölu einvörðungu á vegum N1. Eigi starfsmaður að geta gefið tilboð sem byggja á eðlilegum forsendum er nauðsynlegt að viðkomandi þekki rekstur N1. Er eðlilegast að um sé að ræða starfsmann N1. Hefur N1 í hyggju að fela starfsmanni fjármálasviðs, jafnvel fjármálastjóra, að annast tilboðsgerðina. Kemur fjármálasvið félagsins ekki að tilboðsgerð almennt en hefur þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til tilboðsgerðar.

Telur N1 að með þessu sé unnið gegn meintum skaðlegum lóðréttum áhrifum á eldsneytis- og dagvörumarkaði.

Eðlilegt er að takmarka gildissvið þessara ákvæða við hugsanlega nýja aðila eða smærri fyrirtæki að mati N1. Olís og Skeljungur hafa haft greiðan aðgang að eldsneyti í heildsölu, birgðarými og dreifingu í

gegnum árin. Er um að ræða fjárhagslega sterk félög með langa rekstrarsögu sem eiga að geta séð um sig sjálf.

Birgðarými er víða um land takmarkað. Á það sérstaklega við í byggðalögum þar sem selt er t.d. bátældsneyti af tanki við hafnarkant. Fjallar Samkeppniseftirlitið ekkert um slíka markaði í andmælaskjali sínu og telur N1 að þessi hluti starfsemi félagsins verði varla talinn þess eðlis að hann eigi undir þau sjónarmið sem Samkeppniseftirlitið rekur í andmælaskjali sínu. Er því lagt til að aukinn aðgangur að birgðarými nái aðeins til eldsneytis fyrir ökutæki.

Um þau kjör sem boðin yrðu af N1 í heildsölu segir í tillögu N1 að gæta skuli jafnræðis og hlutlægni við söluna. Hefur N1, þegar félagið hefur gert tilboð í heildsöluviðskipti, kannað sérstaklega kostnaðarliði á borð við innkaupsverð, opinber gjöld, flutning, geymslu og þess háttar. Hefur félagið svo bætt við álagningu sem meðal annars á að innihalda sameiginlega kostnað í rekstri félagsins sem ekki verður auðveldlega sundurgreindur frá öðru. Stærsti hluti álagningarinnar hefur verið framlegð N1 í þessum tilboðum. Telur N1 að með þessari aðferðafræði séu tilboð gerð á viðskiptalegum og hlutlægum grunni. Tillögur N1 að sátt gera ráð fyrir að tilboð verði sambærileg til sambærilegra viðskiptavina.

Um dreifingu og birgðarými felst í tillögum N1 að félagið býðst til að beita sér fyrir auknum aðgangi þriðju aðila að þjónustu Olíudreifingar. Veitir Olíudreifing í dag N1 margvíslega þjónustu. Veit N1 ekki annað en að Olíudreifingu hafi á undanförunum árum veitt öllum þjónustu sem eftir hafa óskað.

Gert er ráð fyrir því í tillögunni að N1 sem hluthafi í félaginu Olíudreifing leggi fram tiltekna tillögu á hluthafafundi og greiði með henni atkvæði. Gerir N1 ráð fyrir því að leyst verði úr samruna Haga og Olís með sambærilegum hætti þannig að stuðningur allra hluthafa fái til tillögunni. Nægilegt birgðarými er fyrir hendi hvað varðar eldsneyti fyrir bifreiðar þannig að ekki ætti að koma til að Olíudreifing þyrfti að gera upp á milli viðskiptavina.

Í tillögunni fyrir hluthafafund er að finna nánari útfærslu á því hvernig aðgangur yrði tryggður að þjónustu Olíudreifingar. Er tillagan í samræmi við þau almennu sjónarmið sem hér er rakin og myndi samþykkt tillögunnar á hluthafafundi vera skuldbindandi fyrir Olíudreifingu í kjölfarið.

Gerir N1 ráð fyrir því í tillögunni að samruni Haga og Olís gangi eftir. Er N1 reiðubúið til þess að breyta tillögunni til þess að bregðast við því ef samruni Haga og Olís gengur ekki eftir.

Að mati N1 eyða þessi skilyrði þeirri röskun sem verður vegna lóðréttra áhrif og samsteypuáhrifa á samrunann.

4. Skaðleg áhrif eignatengsla

Til þess að bregðast við áhyggjum samkeppniseftirlitsins vegna skaðlegra áhrifa eignatengsla leggur N1 til að félagið geri eftirfarandi:

- i. Leggi fyrir samkeppnisstefnu á hluthafafundi
- ii. Breyti samkeppnisréttaráætlun með hliðsjón af sátt
- iii. Mæli fyrir um sjálfstæði stjórnarmanna N1
- iv. Gripið verði til ráðstafanna til að tryggja eins og kostur er að hagsmunir sem kunnir að leiða af eignarhlutum hluthafa N1 í öðrum félögum hafi ekki áhrif til röskunar á samkeppni

Þessi skilyrði eru í kafla IV í tillögu N1 að sátt við Samkeppniseftirlitið. Mælt er fyrir um samkeppnisstefnuna í 17. gr., samkeppnisréttaráætlun í 18. gr., samkeppnislegt sjálfstæði stjórnar og lykilstarfsmanna í 19. gr. og eignarhluti hluthafa N1 í keppinautum í 20. gr.

Rétt er að taka fram að N1 hefur rætt við stærstu hluthafa félagsins um andmælaskjal stofnunarinnar og hugsanleg viðbrögð. Virðist afstaða hluthafa N1 almennt vera sú, að því leyti sem hún verður dregin saman með einföldum hætti, að vilji þeirra standi til þess að full samkeppni sé á öllum mörkuðum sem fyrirtækið starfar á.

Vert er að geta þess að lífeyrissjóðir landsins hafa allir sett sér sérstaka fjárfestinga- og hluthafastefnu. Í hluthafastefnunum er jafnan getið sérstaklega um samkeppnissjónarmið. Þannig segir í hluthafastefnu lífeyrissjóðs verslunarmanna:

„LV leggur áherslu á að í samskiptum sé gætt þeirra sjónarmiða sem samkeppnislög og virk samkeppni byggja á.“

og í hluthafastefndu Gildis segir meðal annars:

„Í samskiptum Gildis-lífeyrissjóðs skal ávallt gætt að ákvæðum laga um innherjaupplýsingar og reglum samkeppnislaga, sem og meginreglum laga um trúnaðarskyldu stjórnar við félag, starfsmenn, viðskiptamenn eða aðra, og jafnræði hluthafa.“

Í hluthafastefndu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins segir svo:

„Samkeppnissjónarmið. LSR leggur áherslu á að fjárfestinga- og hluthafastefna sjóðsins stuðli að virkum samkeppnismarkaði og gerir sér grein fyrir að eignarhald á verulegum hlutum í fyrirtækjum á sama markaði krefst sérstakrar aðgæslu sjóðsins. Fyrirtæki á samkeppnismarkaði, sem sjóðurinn fjárfestir í, skulu í hvívetna vera rekin sem sjálfstæðir keppinautar. Til að tryggja sjálfstæði fyrirtækjanna, og hindra mögulega hagsmunaaðreksstra vegna fjárfestinga sjóðsins í öðrum fyrirtækjum á sama markaði, skal sjóðurinn ekki hafa áhrif á stefnumótun þeirra umfram það sem á sér stað á hluthafafundum. Stjórnarmenn þeirra fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í skulu hafa hag viðkomandi fyrirtækis og allra hluthafa þess að leiðarljósi og stuðla að virkri samkeppni. LSR styður ekki framboð sama stjórnarmanns til stjórnarsetu í stjórn tveggja fyrirtækja á sama markaði.“

Hér er ekki um tæmandi talningu ákvæða af þessum toga að ræða. Aðrir lífeyrissjóðir hafa einnig sett sér svipuð viðmið. Í grundvallaratriðum segja þessar reglur sem sjóðirnir hafa sett sér að þeir eigi ekki að draga úr samkeppni á markaði. Hafa þeir því þegar ákveðið að haga sér í samræmi við það sem Samkeppniseftirlitið virðist telja æskilegt.

N1 hefur ekkert vald yfir hluthöfum félagsins. Getur félagið fyrst og fremst rætt við hluthafana um áhyggjur Samkeppniseftirlitsins. Það er hins vegar þeirra að bregðast við því. Í þeim tillögum að skilyrðum sem hér fylgja með hefur N1 sett ákveðinn ramma um stjórn og framkvæmdastjórn félagsins sem er ætlað að koma í veg fyrir að stjórnarmenn eða aðrir freisti þess að fá N1 til að halda aftur af sér í samkeppni á markaði.

Einnig er mælt fyrir um ákveðnar trúnaðarskyldur í tillögunum sem er ætlað að draga úr líkunum á að forsendur skapist til samræmingar á samkeppni. Hefur N1 ávallt gætt þess að viðskiptakjör einstakra viðskiptavini séu trúnaðarmál. Hafa stjórnarmenn því ekki fengið upplýsingar um tilboð, afslætti eða álagningu gagnvart einstökum viðskiptavinum.

Telur N1 félagið ekki geta gengið mikið lengra til þess að takmarka getu eigenda félagsins til að draga úr samkeppni á milli N1 og keppinauta þess. Nefna má að N1 hefur haft í gildi samkeppnisréttaráætlun í nokkur ár. Hefur sú stefna að mati félagsins haft tilætluð áhrif og er félagið reiðubúið til þess að styrkja hana enn frekar til þess að stuðla að því að markmið sáttarinnar náist. Er þannig lagt til í sáttatillögunni sem hér er hjálögð að ákvæðum um sáttina verði bætt við samkeppnisréttaráætlun N1 og að framkvæmdastjórn félagsins undirriti staðfestingu á því að þeir hafi kynnt sér efni sáttarinnar og muni starfa eftir henni.

Hluthafafundur getur samþykkt samkeppnisstefnu sem væri félaginu til leiðbeiningar um þá stefna sem skyldi taka. Leggur N1 til að slík stefna verði lögð fram á hluthafafundum þannig að hluthafar félagsins staðfesti vilja sinn í þessum efnum. Miðað við þá afstöðu hluthafa N1 sem birtist í samtölum félagsins við stærstu hluthafana er ólíklegt annað en að slík stefna yrði samþykkt. Gæti stefnan innihaldið annars vegar markmiðsyfirlýsingu um að N1 hafi í hyggju að keppa með öflugum hætti á markaði en einnig ákvæði um félagið myndi ekki taka þátt í samráði um verð eða viðskiptakjör eða annars konar brotum á samkeppnislögum, ákvæðum um trúnað við viðskiptavini, meðferð trúnaðarupplýsinga almennt.

Er jafnframt gert ráð fyrir í tillögunum að N1 komi sér upp ákveðnum innri reglum um tengsl stjórnarmanna og lykilstarfsmanna við keppinauta. Telur N1 að ákvæði af þessum toga geti orðið til þess draga enn frekar úr líkunum á því að eigendur N1 hafi óæskileg áhrif til samræmingar á viðskiptastefnu N1 og keppinauta félagsins.

5. Önnur ákvæði

Mælt er fyrir að óháður kunnáttumaður skuli hafa eftirlit með skilyrðunum auk þess sem ákvæði erum endurskoðun í tillögum N1 að sátt.

a. Óháður kunnáttumaður

Almennt ákvæði um óháðan kunnáttumann er að finna í 15. gr. tillögu N1 að sátt. Er ætlunin að viðkomandi geti haft eftirlit með því að skilyrðum sáttarinnar sé fullnægt með virkum hætti. Gert er sérstaklega ráð fyrir því að viðkomandi séu óháður N1. Skal N1 gera samning við viðkomandi um þóknunin fyrir hans starfa.

b. Endurskoðun

Í nýlegum ákvörðunum Samkeppnieftirlitsins er algengt að finna megi ákvæði um endurskoðun við tiltekna aðstæður. Almennt má segja að þau ákvæði séu í samræmi við almenna heimild stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 til endurupptöku máls. Segir þar í 1. mgr. 24. gr. að endurupptaka sé heimil þegar:

„1. ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða

2. íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.“

Ákvæði það sem er í hjálagðri sáttatillögu er í samræmi við ákvæði stjórnarsýslulaga nema hvað nánar er útfært við hvaða aðstæður heimilt væri að óska eftir endurskoðun á tilteknum þáttum skilyrðanna. Þar sem stjórnarsýslulög fela í sér lágmarksreglur verður að ætla að aðilum sé óheimilt að semja frá sér rétt til endurupptöku með samkomulagi við stjórnvald. Að mati N1 er æskilegt að heimild til endurskoðunar sé nánar útfærð þannig að ekki fari á milli mála að heimilt sé að óska eftir endurskoðun ef veigmiklar forsendur afstöðu Samkeppniseftirlitsins til samruna N1 og Festar bresta.

6. Niðurlag

N1 telur þau skilyrði sem boðin eru fram vera fullnægjandi til að tryggja að ekki verði röskun á samkeppni miðað við frummati Samkeppniseftirlitsins. Líkt og að framan greinir er því tilkynnt um kaup N1 á Festi að nýju með þeim hætti að lögð eru til ítarleg skilyrði sem N1 telur að megi verða til að eyða þeirri samkeppnislegu röskun sem Samkeppniseftirlitið hefur að frummati talið leiða af viðskiptunum.

Að mati N1 fela kaup félagsins á Festi í sér tækifæri til þess að hagræða í innlendri smásöluverslun meðal annars með því að samþætta ákveðna þætti í starfsemi félaganna en einnig með því að ná niður miðlægum kostnaði. Mun samruninn leiða til að forsendur skapast til þess að deila slíkum kostnaði niður á fleiri seldar einingar sem ætti að auka hagkvæmni í rekstri félagsins til lengri tíma litið. Þá er sala jarðefnaeldsneytis ekki á vaxtarmarkaði og fyrirséð að breytingar verði í sölu jarðefnaeldsneytis í framtíðinni. Er erfitt að spá fyrir um þróunina að þessu leyti af nákvæmni með sama hætti og erfitt er að spá fyrir um áhrifin af innkomu hugsanlegs nýs aðila á eldsneytismarkaðinn.

Virðingarfyllst,
f.h. N1 hf.



Snorri Stefánsson hdl.

Meðfylgjandi:

1. Tillaga að sátt **[Trúnaðarmál]**
2. Tillaga að sátt án trúnaðarupplýsinga
3. Bréf þetta án trúnaðarupplýsinga
4. Rekstraryfirlit fyrir Dæluna **[Trúnaðarmál]**
5. Rekstrarmódel sjálfsafgreiðslustöðvar **[Trúnaðarmál]**